

Samtök orkusveitarfélaga

17. stjórnarfundur

Árið 2014, föstudaginn 10. október kl.12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar. Fundinn sátu: *Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Sveinn Steinarsson, Eyjólfur Sæmundsson og Dagbjört Jónsdóttir.*

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð var rituð af Bryndísi Gunnlaugsdóttur.

Þetta var tekið fyrir

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningur

Farið var yfir skýrslu stjórnar og ársreikninga fyrir árin 2012 og 2013. Bæði skýrsla stjórnar og ársreikningar voru samþykktir og verða lögð fram á aðalfundi félagsins er haldinn verður síðar í dag.

2. Aðalfundur SO

Farið var yfir undirbúning fyrir aðalfund félagsins er haldinn verður síðar í dag.

3. Önnur mál

Farið var yfir starfsemi samtakanna frá seinasta aðalfundi ásamt þeim verkefnum sem eru nú í gangi.

Fundi slitið kl.12:55